

Garðabær
b.t. Önnu Guðrúnar Gylfadóttur byggingarfulltrúa
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 12. júní 2017.

Efni: Stækkun bensínstöðvar við Kaupþún 2, Garðabæ

Costco Wholesale Iceland ehf., kt. 700614-0690, Borgartúni 26, Reykjavík, (hér eftir „Costco“) óskar hér með eftir leyfi til þess að stækka bensínstöð sína við Kaupþún 2, fnr. 232-9724, um fjórar dæluslängur. Samkvæmt deiliskipulagi Kaupþúns frá 15. apríl 2016 er heimild fyrir fjórum dæluþeyjum með tveimur afgreiðslueiningum hver, þ.e. sextán dæluslängum, á lóð Kaupþúns 2. Í samræmi við byggingarleyfi, dags. 10. maí 2016, eru nú þegar á bensínstöðinni þrjár dæluþeyjur með tólf dæluslängum. Með bréfi þessu óskar Costco því hér með eftir að fjölga dæluþeyjum um eina og dæluslängunum um fjórar í samræmi við gildandi deiliskipulag.


Verslun og bensínstöð Costco opnuðu þann 23. maí s.l., með betri viðskiptum en upphaflega var búist við. Bensínstöðin starfar nú þegar við hámarksgetu og myndi njóta góðs af fjórum dæluslängum til viðbótar til að bæta umferðarflæði um svæðið.

Hér með er því farið þess á leit við bæjarráð Garðabæjar að Costco fái leyfi fyrir framangreindri stækkun bensínstöðvarinnar, í samræmi við samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið. Í ljósi stöðunnar sem lýst er hér að framan er þess óskað að afgreiðsla erindis þessa verði flýtt eins og kostur er.

Sé óskað eftir frekari upplýsingum verða þær fúslega veittar.

Með ósk um skjót og góð viðbrögð.

Virðingarfyllt,
f.h. Costco Wholesale Iceland ehf.



Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.